

## **Þingsályktunartillaga - umsögn**

Fyrir hönd sjálfseignarstofnunarinnar Sauðfjárseturs á Ströndum sendi ég hér með eftirfarandi umsögn um tillögu um stofnun miðstöðvar um íslensku þjóðtrú á Ströndum:

Tekið er af heilum hug undir hugmyndir um tillöguna, enda telja aðstandendur Sauðfjársetursins, sem er viðurkennt safn og menningarmiðstöð í héraðinu, að um heillaskref væri að ræða fyrir svæðið sem á í vök að verjast hvað varðar atvinnumál og byggðaþróun. Hér skiptir máli að á Ströndum hefur síðustu áratugi verið unnin mikil grunnvinna í tengslum við íslensku þjóðtrú og Sauðfjársetrið hefur tekið þátt í ýmsum samstarfsverkefnum á því sviði, einkum með starfsfólki Rannsóknaseturs HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofu sem starfar á Hólmavík og einnig með Strandagaldri sem heldur úti Galdrasýningunni á Hólmavík.

Þar er meðal annars um að ræða uppsetningu sérsýninga, t.d. um álagabletti sem var uppi í átta ár og var gefin út bók um sama efni í samstarfi þessara aðila þegar sýningin var tekin niður. Höfundar þeirra bókar voru þjóðfræðingarnir og Strandafólkið dr. Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson á Kirkjubóli. Tvær aðrar bækur hafa verið gefnar út í samvinnu Rannsóknasetursins og Sauðfjársetursins.

Þjóðtrúin hefur svo sannarlega verið nálæg í fleiri sýningum sem settar hafa verið upp á safninu, bæði fastasýningar safnsins um sauðfé í sögu þjóðarinnar og sýningar um heimsóknir hvítabjarna til Vestfjarða (sem er einnig samstarfsverkefni með öðrum viðurkenndum söfnum á Vestfjörðum) og sýningar um förufólk og flakkara sem fjallar um efnið á landsvísu. Þessar sýningar vekja mikla eftirtekt og áhuga bæði heimamanna og ferðafólks, innlands og erlends, og þeim hafa tengst sögustundir, kvöldvökur og viðburðahald.

Þannig hafa verið haldnar árlegar þjóðtrúarkvöldvökur allt frá árinu 2013 og margvísleg þjóðtrúarefni tekin þar fyrir. Yfirgripsmikil þekking á efninu er þannig fyrir hendi á svæðinu og hér býr rétta fólkið til að veita slíkri miðstöð stuðning. Þeirri hugmynd að stofna miðstöð þjóðtrúar á svæðinu er því tekið fagnandi og vonast til að af henni verði.

Sævangi á Ströndum 13. nóv. 2023.

F.h. Sauðfjárseturs á Ströndum ses,

Ester Sigfúsdóttir forstöðumaður